

1906

Jónas Hallgrímsson og bókmenntafélagið

Íslenska og önnur mál.

Surtarbrandurinn í Drápuhlíðarhelli

Amerískir auðmenn.

Nokkrar tuglíðingar.

1907

LÍKAMSMENTUN.

KOLSKEGGUR.

Dt. H. P.

Jónas Hallgrímsson

og

bókmentafélagið.

Guðólfur 14. Okt 1906

Kringum 1840 mátti hér á landi stundum heyra nefndan mann sem Jónas hét Hallgrímsson. Sá sem hefði int eftir hver þetta væri, hefði sjálfsagt fengið að vita, að Jónas þessi væri drykkfeldu. stúdent, sem útséð væri um að nokkurntíma yrði embættismaður, hálfgerður flækingur og landshornamaður; dável hagamæltur væri hann *ad sögn*, en blendinn í trúnni. Jónas hafði í ritgerðinni um eðli og uppruna jarðarinnar látið í ljósi efa um sannleik sköpunarsögunnar hebresku, en slíkt var þá talið guðleysi.

Hitt hefði enginn orðið til að segja spyrjanda, að Jónas þessi, sem einsog lífskjör hans sýndu, var talinn svo óendanlega langt fyrir neðan embættismenn, og þessar blóðsugur þjóðfélagsins, einokunar-kaupmennina, væri mesti snillingurinn, sem íslenzk þjóð hefði eignast síðan Heimakringla og Njála voru ritaðar; að hann hefði spunnið nýja strengi, — þá er alvegust óma — á hina fornfrægu hörpu íslenzkra skálda; að hin íslenzka þjóðarsál mundi vaxa við starf hans og landið fá nýja fegurð í augum barna sinna. Engum hefur dottið í hug, að þjóðin mundi hundrad árum eftir fæðingu hans telja hann einn af sínum mestu merkismönnum, og reisa honum dýrindis minnisvarða.

Honum til heiðurs munu margir segja; en sannleikurinn er sá, að sjálfri sér til heiðurs reisir íslenzka þjóðin minnisvarða Jónasi Hallgrímssyni. Hún hrósar því,

að svo ljómandi snilling hafi hún eignast þó fátæk og mergsogin væri. Og raunar er öll ástæða til að hrósa sliku, því að þar býr mikið undir, er enn á eftir að koma fram að mestu — sem annar eins fegurðarandi getur fæðst í koti. Ágætismenn einnar þjóðar eru eigi einungis það sem þeir afreka, heldur einnig fyrirheit um framtíðina.

En líf og dauði þessa snillings var þjóðinni til smánar, og raunar ekki Íslendingum einum, heldur mannfélaginu í heild sinni. Hve hörmulega ófullkomið er ekki ástand þessa mannfélags, sem lætur svo sjaldgæfa perlu berast út á hauga og verða þar að litlum notum, hjá því sem hefði getað orðið. Fyrst og fremst skorti hann í uppvextinum skilyrði til þess, að líkami hans og andi gæti náð fullum þroska; því næst skorti hann samtíða menn, sem kynnu að meta hann eitthvað nálægt verðleikum, og honum hlaut þegar frá byrjun að vera það ljóst, að til einskis var að vinna fyrir hann. Það liggur djúp alvara bak við gamanyrðin „ólukkinn skal yrkja lengur“ o. s. frv. Starfsemi hans varð öll í molum, ritsmíðarnar tóm brot; brot úr gimsteinum að visu. En þessi „kvök einstök“ — einsog Bjarni segir um kvæði annars skálds — nægja þó til að sýna oss, hversu óviðjafnanlegt snillings-efni þessi Íslendingur var, sem lifði einmana og ólánssamur og, dó ungur suður í Kaupmannahöfn fyrir miðja öldina sem leið.

(Framh.)

H. P.

1906

Niðurl.

Jónas Hallgrímsson var eins og „vorboðinn ljúfi“, sem stundum verður of fjótur á sér, lendir í klóm á kaldlyndum vetri og fær þá lítið sungið.

En það var eigi að eins, að beztu kvæðin hans dæu með honum ókveðin; þess sem hann kvað hefir þjóðin alls ekki haft full not enn þá, svo mjög sem þó skáldin, sem eftir hann komu hafa lært af honum.

Eg held mér sé óhætt að segja, að rit Jónasar séu fremur óviða til, eftir því sem búast mætti við, og er aðalorsökin sjálfsagt sú, að bókin er svo dýr. Að visu þætti engum mikið að gefa verðið hennar fyrir kaffi, tóbak, brennivín eða jafnvel kaffibæti; en fyrir sálubæti, snild, eitthvað sem ekki er beinlínis til að láta í magann heldur til að auðga andann, rýmka og dýpka meðvitundina, finst mönnum það alt of mikið. Og raunar er mönnum nokkur vorkunn, þegar þess er gætt, hversu gamall og rótgróinn er sá hleypidómur, að andleg iðja sé í rauninni lítills virði. Fáir verða til að ihuga það, að eftir að mannkyninu lærðist ritlist og bókagerð hafa framfarirnar orðið meiri en á hundrað sinnum lengri tíma áður, en aldrei eins miklar eins og eftir að prentlistin fanst. En þessar uppgötvanir þýða það, að hugsanir viturra manna hafa getað orðið ljós á vegum æ fleiri og fleiri. —

Flestir munu mér samdóma um það, að rit Jónasar ættu að vera í hvers þess höndum, sem vildi lesa þau. Og nú, þegar séra Valdemar Briem er búinn að snúa „barnalærdóminum“ í ljóð, og gera með því börnunum að minsta kosti þrisvar sinnum auðveldara fyrir að læra „kverid“ en áður, þá ætti að mega krefjast þess af hverju meðalnæmu barni, að það kynni megnið af kvæðum Jónasar utanað. Yrði íslenzkri tungu að því hin mesta vörn, og ekki veitir af, ef ekki á að verða ráðandi hér í landi eitthvert sálarlaust, hlægilegt skripamál líkt og Færeyska eða sumt það, sem nefnt er norska.

Það ætti nú vel við, að bókmentafélagið mintist 100 ára afmælis Jónasar með því að gofa út kvæðin hans og önnur rit, og hafa þá bók svo ódýra að allir geti eignast. En yrði því ekki komið við, en nóg til af útgáfunni frá 1883, þá ætti hún að lækka í verði.

Það er gaman að hugsa sér, að bókmentafélagið væri það sem það ætti að vera: ein helzta mentunarstofnun lands vors. Undir merki þess fylktu sér allir, sem nokkuð kunna á penna að halda og vilja vinna að menningu þjóðarinnar með því að efla „skynsamlegt vit“. Þaðan streymdu inn á flest heimili landsins bækur, nytsamlegar til fróðleiks og leiðbeiningar og skemtunar. Einmitt hér, þarsem greind og lestrarfýsni mega vist teljast fremur algengir eiginleikar, gæti slíkt komið að gagni fram yfir það sem flestir munu ímynda sér.*

Félagar bókmentafélagsins ættu að verða 6—7000.

Til þess að ná þessu takmarki þyrfti m. a. þess, að í hverri sveit og hverjum kaupstað væri einhver áhugamikill unglingur, sem minti menn á að ganga í félagið og benti á, að það mundi verða því betra, sem félagarnir yrðu fleiri, og vel væri það tilvinnandi, að slíkum mönnum væri einhver sómi sýndur.

Það þarf að fara að skiljast, að manni er skömm að því sé hann ekki í bókmentafélaginu, og hafi þó vel efni á því.

Það eru nú liðin meir en 90 ár síðan hið íslenzka bókmentafélag var stofnað af ágætismanninum Rask, sem nú er talinn þjóðargersemi eins og Jónas Hallgrímsson, en var litilsvirtur og sveltur meðan hann lifði, og mér liggur við að segja, sleginn af ungur eins og hann.

Látum oss styðja að því, að þetta aldrada og heiðviraða félag geti kastað elli-belgnum og orðið þjóðinni það magn til menningar, sem unt er.

Leiðrétt. við fyrri hluta greinar þessarar: í st. f. þar býr mikið undir o. s. frv. — sem o. s. frv. á að standa: það býr o. s. frv. — þar sem.

H. P.

* Eitt hið þarfasta og bezt skrifaða tímarit („Eir“) hefði ekki þurft að sálast — ófað til mikil tjóns fyrir þjóðina — hefði það verið á örmum öflugt bókmentafélags.